

Þín rödd í ráðum borgarinnar
Hugmynd frá samráðsvef Betri Reykjavík
2. nóvember 2018

Heiti erindis: [Aðgangsstýrð langtímahjólasterði innan veggja bílastæðahúsa](#)
Málaflokkur: Framkvæmdir
Viðtakandi erindis: Skipulags- og samgönguráð
Efst í málaflokknum: Já
Meðal fimm efstu : Já, 1/5

Athugasemdir:

Fjöldi með hugmynd: 35	Fjöldi á móti hugmynd: 0
------------------------	--------------------------

Lýsing: Setja upp langtímageymslu fyrir hjól innan veggja bílastæðahúsa borgarinnar. Þetta væri gert til að auðvela bæði íbúum í smáu húsnæði eða geymslulitlu og starfsfólki nágrennisins að nýta sér hjólreiðar sem ferðamáta allt árið um kring. Æskilegt væri að við geymsluna væri hægt að skola af hjólinu og gera smáviðgerðir. Bílastæðahús eru nú þegar vöktuð en með meðlimagjaldi og aðgangsstýringu mætti enn frekar auka öryggi.

Rök með hugmynd: 2	Rök gegn hugmynd: 0
Sem íbúi með lítið geymslupláss geymi ég hjólið mitt úti á sumrin en fer með í langtímageymslu fjarri heimili mínu á veturna. Ef þessi hugmynd yrði framkvæmd gæti ég og fólk í svipaðri stöðu geymt hjólið sitt tiltölulega nærri heimili sínu allt árið um kring og gripið í það alltaf þegar þess þyrfti.	
Fáir vinnustaðir bjóða upp á viðunandi hjólageymslu fyrir starfsfólk. Með þessari hugmynd mætti koma til móts við fólk sem vill hjóla til vinnu en ekki haft aðstöðu til þess hingað til.	